

Heimsveldið og heimskautið í norðri. Stríð og friður

Á líðandi stundu heyr Alþjóðaaauðvaldið stríð gegn Þjóðríkjunum og öllum þeim, sem standa í vegi fyrir ágirnd þess og valdagræðgi.

Alþjóðaaauðvaldið, sem á rætur í Rómverska heimsveldinu, Páfagarði, Frankfurt, City of London og Wallstreet, lét til skarar skríða í Frönsku byltingunni, og hefur síðar leitast við á ná undirtökunum í stjórnnum Þjóðríkja og alþjóðastofanna. Stjórnun utanríkismála þeirra hefur – ásamt undirróðri og morðum – verið lykillinn að stríðsrekstri. Þannig malar það gull.

Annað mikilvægt dæmi er sjálfstæðisbarátta bresku nýlendnanna í Ameríku og í kjölfar stofnunar Bandaríkjanna hið skelfilega borgarastríð. Alþjóðaaauðvaldið, sem þá hafði undirtökin í breska heimveldinu, gat ekki hugsað sér öfluga samkeppni Bandaríkjanna.

Ei heldur mátti Rússland vaxa og dafna. Því voru Rússar lokkaðir til stríðs við Breta, Frakka og Tyrki (Ottóman heimsveldið) á Krím um miðja nítjándu öld.

Baráttan um Bandaríkin hélt áfram, barátta nýrrar bandarískrar Þjóðar gegn gírugu, banvænu alþjóðaaauðvaldi. Þegar Bretar og Frakkar ætluðu að ganga við liðs við Suðurríkin í borgarastríðinu, settu Rússar með Alexander II (1818-1881) og ráðgjöfum hans, nefndum nýlenduvelldum stólinn fyrir dyrnar.

Rússar komu Norðurríkjunum til bjargar. Abraham Lincoln (1861-1865) var ævinlega þakklátur Alexander II (1818-1881). Það upphófst vinsamleg samvinna ríkjanna um uppbyggingu á öllum sviðum, en aðallega til byggingar innviða; járnbrauta og fjarskiptasambands.

Rússar þáðu hjálp Bandaríkjamanna við að leggja járnbraut um Rússland þvert, yfir Síberíu, og lögðu á ráðin um jarðgöng undir Beringsund. Því seldu Rússar Bandaríkjamönnum Alaska.

Alþjóðaaauðvaldið og Breska heimveldið létu krók koma á móti bragði, styrktu bresku nýlenduna í Kanada, og hófu andóf gegn Alexander II á heimavelli og öttu Japönnum í stríð við þá í Asíu. Síðar voru bæði Abraham og Alexander myrtir.

Í kjölfar Brauðbyltingarinnar 1905, uppreisnar á Eystrasaltsflotanum og slæms gengis í fyrstu heimstyrjöldinni, sem alþjóðaaauðvaldið undirbjó og hratt af stað, sendi sama auðvald byltingarflugumenn sína til Rússlands til að kynda frekar í kolunum og blása lífi í eldana.

Það endaði eins og allir vita með ógnarstjórn byltingarmanna (kommúnista) Marxhyggjusinna (Marx-Leninista), sem fjármögnuð var að mestu frá City of London og Wall street. Nicholas II (1868-1918) var myrtur með fjölskyldu sinni. Villidýrshátturinn úr Frönsku byltingunni var endurtekinn.

Eftir að fyrstu heimstyrjöldinni lauk eimdi enn eftir af jákvæðri samvinnu milli Bandaríkjamanna og Rússa, Frank Delano Roosevelt (1882-1945) og Joseph Stalin (1878-1953). Í meðmælabréfi Bandaríkjaforseta viðkomandi Averell Harriman (1891-1986), sendiherra og viðskiptajöfri, er aðalritarinn ávarpaður, „kæri Stalin.“

En veður skipuðust hratt í lofti. Winston Churchill (1874-1965) vildi ganga milli bols og höfuðs á Rússum og Frank Delano lét gera áætlun um að granda Rússum með kjarnorkusprengru. Sprengjur voru líka útbúnar til að grilla Japana. Það lét Harry S. Truman (1884-1972) gera.

Líklega voru farnar að renna tvær grímur á Frank Delano, þrátt fyrir að hann legði tálbeitu fyrir Japana, sem réðust til atlögu á Pearl Harbour. Þar með var átylla til stríðs fengin, en forsetinn þverbraut kosningaloforð sitt til að þóknast alþjóðaaauðvaldinu, sem hafði skipulagt aðra heimstyrjöldina. Sú þriðja er nú hafin fyrir atbeina sömu aðilja.

Frank Roosevelt féll óvænt frá eins og fleiri bandarískir forsetar, sem hafa verið þrándur í Götu auðvalds aflanna. John Fitzgerald Kennedy (1917-1963) er einn þeirra. Forsetaframbjóðandann, Donald Trump, átti líka að senda inn í eilífðina eins og Robert Fico.

Sú heimsvaldastefna Breta og Bandaríkjamanna, sem samin var á grundvelli rita Halford Mackinder (1861-1947), sem skrifaði 1904 bókina „Landfræðilegu þungamiðju sögunnar“ (The Geographical Pivot of History), og Zbiniew Brzezinski (1928-2017), sem er höfundur bókarinnar, „Stóra taflborðsins“ (The Grand Chessboard), er enn í fullu gildi.

Hún fjallar m.a. um nauðsyn þess, að Bandaríkin „girði“ Rússland og Kína af með herstöðvum og til að ná hernaðarlegum yfirtökum í Evrasíu.

Í ritum Halford eru megináherslurnar þær sömu, en gagnert miðaðar við hagsmuni breska heimsveldisins. Þar er Evróasía kölluð „hjarta“ heimsins og lögð áhersla á þörf heimsveldisins til að drottna þar eins og á höfunum. Natóstofnun Bandaríkjanna og stofnun Ísraelsríkis var liður í sameiginlegri heimsveldisáætlun Breta og Bandaríkjamanna.

Eftir að John F. var drepinn hafa völd alþjóðaaúðvaldsins aukist jafnt og þétt. Stjórnvöld á Vesturlöndum eru föst í heljargreipum þess. Dwight David Eisenhower (1890-1969) reyndi að vara við hergagnaframleiðslubákninu, án árangurs.

Um þessar mundir er Úkraínu og Ísrael beitt sem múrbrjótum heimsvaldastefnunnar. Síðasta afrek Nató var innrás í Rússland. Stríðsgróðapungarnir fitna eins og púkar á fjósbita. Það gerir þý þeirra einnig. Volodymyr Zelensky er eitt dæmi. Samtímis styrkja Bandaríkjamenn og Nató vígbúnað sinn um allan heim.

Draumur friðelskandi stjórn mála- og athafnamanna, austan hafs og vestan, er enn þá fjarlægur. En við verðum að vona, að draumurinn rætist, að friður verði saminn, áður en veröldinni verður allri tortímt.

En þá verður fólk að vakna af værum áróðurssvefni þeirra, sem völdin hafa og stríðið vilja, og gera gangskör að friði.

<https://www.realnewsandhistory.com/hobart/>

<https://rumble.com/v59vr bx-mel-k-and-matt-ehret-strategic-opportunities-for-a-saner-future-8-4-24.html?e9s=src v1 upp&utm source=substack&utm medium=email>

<https://www.youtube.com/watch?v=CXKwyqukbs>